

Foreldrahandbók Teigasels



Gleði – Eining - Virðing



Kæru foreldrar og forráðamenn. Við bjóðum ykkur velkomin í leikskólann Teigasel.

Það er okkur mikil ánægja að fá ykkur í okkar hóp. Að mörgu er að hyggja þegar barn byrjar í leikskóla og er þessari handbók ætlað að vera ykkur leiðarvísir í upphafi leikskólagöngu.

Hér er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar er varða skólastarfið.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Börn og starfsfólk Teigasels.

Markmið Teigasels

Að hér starfi glaðir, virkir, ábyrgir, skapandi og gagnrýnir einstaklingar sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.



Teigasel

Leikskólinn Teigasel tók til starfa 6. september 1998. Leikskólinn dregur nafn sitt af bænum Efri-Teig, sem oftast var nefndur Teigakot og var hann síðasti torfbærinn á Akranesi. Teigasel var upphaflega þriggja deilda leikskóli en haustið 2024 var fjórðu deildinni bætt við. Fyrst um sinn var deildin starfrækt í anddyri íþróttahússins á Vesturgötu. Á meðan verið var að byggja hús á lóð Teigasels sem rúmaði tvær deildir. Í janúar 2025 fluttu börn og starfsfólk í nýja húsið sem er kallað Háhúsið. Haustið 2025 verður Teigasel fimm deilda leikskóli. Deildirnar fimm bera nöfn gamalla jarða og býla á Akranesi. Háteigur, Hákot, Miðteigur, Teigakot og Bakkakot. Þess má til gamans geta að leikfangaskúrin ber nafnið Litli-Teigur, sem einnig er nafn á gömlu býli á Akranesi.

Starfsgrundvöllur

Leikskólastarfið byggist á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla sem er lögfest námskrá allra leikskóla og Skólanámskrá Teigasels (er í vinnslu). Skólanámskráin er lifandi plagg sem er í stöðugri endurskoðun. Leikskóli er uppeldis- og menntastofnun þar sem börn þroskast og læra í gegnum leik.

Megin markmið með uppeldi í leikskóla er samkvæmt lögum

- að fylgjast með og efla [farsæld og] alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.



Aðaláherslur í starfi Teigasels

Aðaláherslur okkar eru stærðfræði, frjálsi leikurinn, flæði og útinám. Þessir þættir lita allt daglegt starf leikskólans. Mikil áhersla er lögð á börnin fá nægan tíma í frjálsa leiknum og að þau fái að ráða hvað þau gera hverju sinni, þar sem að við viljum að börnin öðlist þá færni að komast í hugarástandið flæði, sem er þegar einhver er svo niðursokkin í verkefni að hann gleymir stund og stað.

Stærðfræði

Í Teigaseli hefur verið unnið með stærðfræði og stærðfræðihugtök frá því að leikskólinn opnaði. Haustið 2005 tók Teigasel þátt í rannsókn sem gekk út á stærðfræðikennslu byggða á skilningi barna og lausnaleyðum þeirra á þrautum. Stærðfræðin fléttast inn í allt okkar starf, við erum sífellt að koma auga á nýjar leiðir til að kynna hana fyrir börnunum á jákvæðan og skemmtilegan hátt.

Einingakubbar

Einingakubbar Caroline Pratt er frábær stærðfræðiefniviður. Kubbarnir eru í ákveðnum stærðfræðihlutföllum sem miðast við grunnkubbinn. Einingakubbar eru á öllum deildum leikskólans. Byggingar barnanna fá að standa frá degi til dags, svo þau geti haldið áfram að þróa byggingar sínar.

Könnunarleikur

Könnunarleikurinn gefur okkur tækifæri til að fylgjast með börnunum þróa sig áfram og njóta þess að vera í uppgötvunarleik. Efniviðurinn sem er í boði í leiknum er alls konar verðlaus og opin.

Frjálsi leikurinn

Frjálsi leikurinn skiptir okkur miklu máli í Teigaseli. Börnin fá að leika á sínum forsendum og kennarar skapa umhverfið þar sem leikurinn fær bæði tíma og rými og stuðla að því að börnin hafi greiðan aðgang að efnivið svo börnin geti notið sín sem best. Börnin hafa val um hvað þau gera hverju sinni án þess að kennarar séu mikið að trufla þau. Við þessar aðstæður njóta börnin sín sér best. Kennarar eru þó alltaf viðstaddir leik barnanna.

Flæði

Með innleiðingu hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um flæði stefnum við að því að styrka starfshætti leikskólans. Flæði gengur út á að gefa börnum tíma og rými til að efla sig, njóta sín á sínu áhugasviði og á sínum forsendum. Börnin



hafa val um hvað þau gera og hvaða leikefni þau vilja nota en með því erum við að efla sjálfstæði þeirra og skapandi hugsun. Hugarástandið flæði er þegar við gleymum stað og stund og tíminn flýgur áfram.

Útikennsla

Haustið 2023 hófum við markvissa kennslu í útinámi. Börn á leikskólaaldri búa yfir mikilli þörf fyrir að kanna umhverfi sitt hvort sem er innan eða utan dyra. Í útikennslu fer saman líkamleg hreyfing, félagsleg samskipti og nám.

Útivera og útbúnaður

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans, þar sem grófhreyfingum og frjálsum leik er gert hátt undir höfði. Útiver er holl öllum börnum. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt rysjótt en við því er ekkert að gera. Þess vegna er börnum á Íslandi frá blautu barnsbeini hollt að venjast veðráttu landsins. Sumir foreldrar hafa tilhneigingu til að óska eftir inniveru fyrir börn sín í því skyni að verja þau gegn veikindum. Það er ekkert sem bendir til þess að börn sýkist frekar í útilofti en innandyr. Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður og einnig að þau hafi næg aukaföt. Yfir sumartímann með hlýnandi veðri og hækkandi sól lengist útiveran.

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og hafa ber í huga að veður getur breyst snögglega. Merkja skal föt barnanna á greinilegan hátt, sérstaklega útiföt, þá eru minni líkur á að fötin glatist. Mikilvægt er að fötin séu þægileg og hefti ekki hreyfingar barnanna. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann. Aukafötin eru geymd í kössum sem eru fyrir ofan hólfi barnanna. Gott er að hafa í kassanum föt sem ykkur er ekki annt um því ef þau geymast lengi vaxa börnin upp úr þeim. Ganga frá öllum fötum barnsins í lok hvers dags og taka blaut og óhreint föt með heim. Útiföt barnanna eru ekki þurrkuð nema þurfi að nota þau aftur eftir hádegi. Fatahólfín skulu tæmd á föstudögum. Við leggjum mikla áherslu á útiveru og förum út á hverjum degi. Foreldrar eru vinsamlega beðnir að fylgjast vel með og fylla á kassann eftir þörfum. Foreldrar eiga að koma með þann klæðnað sem barnið þarfnast í leikskólanum, leikskólinn er ekki með aukaföt á börnin. Það er gott að yfirfara fötin og halda þeim í lagi t.d. á teygjum, smellum og rennilásnum. Fjarlægja þarf allar reimar úr fatnaði barnanna vegna slysaþættu. Leikskólinn er vinnustaður



barnanna. Þess vegna er mikilvægt að þau séu í „vinnufötum“, þ.e.a.s. fötum sem þola vinnu með lím, liti, málningu eða útivinnu.

Leikskólanám

Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í leik barnsins og daglegt líf í leikskólanum. Barnið er ávallt í brennidepli og starfshættir leikskólans eiga að taka mið af þroska þess og þörfum.

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barnsins þar sem samtvinnast: hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmunir, félagsvitund, félagshæfni, fegurðarskyn, sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra starfsmanna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa gott, hlýlegt og fræðandi námsumhverfi. Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess, þess vegna er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun strax í upphafi. Barnið þarf sinn tíma til að kynnast starfsfólki leikskólans, öðrum börnum og starfsemi skólans. Aðlögun er einnig mikilvæg fyrir foreldra, foreldrar þurfa að finna til öryggis og trausts til leikskólans. Grunnurinn að góðu samstarfi milli heimilis og skóla er lagður í aðlöguninni.

Aðlögun

Aðlögun fer fram undir handleiðslu deildarstjóra og fer ætíð eftir viðbrögðum barnsins og aðstæðum foreldranna. Þessi tími er líka mikilvægur til að foreldrar og starfsfólk kynnist betur og geta rætt saman. Hornsteinn er því lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla.

Að koma og fara

Við leggjum áherslu á að vel sé tekið á móti öllum börnum þau látin finna að þau séu velkomin í leikskólann. Hlýlegar móttökur veita öryggi og gleði. Í lok dags eru börnin kvödd og þeim þakkað fyrir daginn. Lögð er áhersla á börnin fari heim í góðu jafnvægi.

Umboðsmaður barna hefur gefið út þau tilmæli að börn yngri en **12 ára** skuli EKKI sækja eða koma með barn í leikskóla. Leikskólar Akraneskaupstaðar fer eftir þeim tilmælum. Vinsamlegast akið varlega í nágrenni leikskólans og skiljið bílinn ekki eftir í gangi fyrir framan leikskólann. Vinsamlegast passið að loka hliðum leikskólans þegar þið gangið um þau og látið starfsfólk alltaf vita þegar komið er með barnið í leikskólans og þegar það er sótt.



Vala

Vala er skráningarkerfi sem heldur utan um biðlista, vistunartíma og innheimtu leikskólagjalda. Starfsfólk sendir upplýsingar og skilaboð til foreldra í gengum kerfið ásamt því að skrá svefntíma og hvernig yngstu börnin borða í matartímum.

Trúnaður

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu sem gildir þótt það láti af störfum.

Það skiptir miklu máli að foreldrar sýni starfsemi, starfsfólki og öðrum börnum nærgætni og trúnað og ræði ekki málefni þeirra utan leikskóla. Óheimilt er að taka myndir í leikskólanum af börnum annarra og birta á samfélagsmiðlum. **Símar eru ekki leyfðir í aðlögun.**

Dvalartími

Dvalartími barna er misjafn, allt frá 4 klst. Gert er ráð fyrir að dvalartími barns fari ekki yfir 8,5 klst. á dag nema með fenginni undanþágu leikskólastjóra. Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið er um, því fjöldi starfsmanna fer eftir viðveru barna á hverjum tíma. Allar breytingar vegna vistunartíma fara fram í Völu og það er þriggja mánaða binding á vistunartíma. Uppsagnafrestur er mánuður og þarf að senda leikskólastjóra tölvupóst með upplýsingum um loka dag barns/barna.

Opnun/Lokun

Hefðbundinn opnunartími er frá 7:45-16:15. Hægt er að kaupa vistun frá 7:30 eða til 16:30 en þá þurfa **fimm eða fleiri** börn að vera með þann vistunartíma. Greitt er fyrir hvert auka korter, fyrir kl. 8:00 og eftir kl. 16:00, 3750 kr. á mánuði. Ekki er veittur afsláttur af því gjaldi.

Leikskólagjöld

Foreldrar fá senda greiðslukröfu í heimabanka fyrir leikskólagjöldum barnsins. Vinsamlega hafið samban við leikskólastjóra ef rangt gjald er að greiðsluseðli. Gjöldin eru innheimt eftir á. Veittur er systkinaafsláttur ef fleiri en eitt barn úr sömu fjölskyldu er í leikskóla, hjá dagforeldri eða í skóladagvistun grunnskólanna. Nýjar breytingar hafa verið gerðar á leikskólagjöldum þar sem boðið er upp á ýmsa afslætti og hægt er að sjá gjaldskrána á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Einstæðir foreldrar og námsmenn geta sótt um lækkun gjalda geng framvísun umbeðinna ganga og staðfestingu skóla eða sýslumanns. Skila þarf nýju staðfestingarvottorði fyrir einstæða í ágúst ár hvert.



Skipulagsdagar

Fimm skipulagsdagar eru í leikskólanum á skólaárinu og þá daga er leikskólinn lokaður. Þessa daga nýtir starfsfólkið til skipulagningar, endurmats og undirbúnings starfsins. Dagsetningar koma fram í skóladagatali ár hvert og því auglýstir með góðum fyrirvara.

Skráningadagar

Á skólaárinu eru 10 skráningardagar. Ef foreldrar taka frí fyrir börnin sín alla 10 dagana falla leikskólagjöldin niður í nóvember sem eru á gjalddaga í desember. Tveir skráningardagar eru í október (vetrarfrí grunnskólanna), þrír dagar í kringum jólin, tveir dagar í febrúar (vetrarfrí grunnskólanna) og þrír dagar fyrir páska. Foreldrar geta einnig valið að taka færri en 10 daga af þessum skráningardögum og þá fellur gjaldið niður fyrir þann dag sem fríð er tekið. Ef börnin eiga að mæta í leikskólann þessa daga þurfa foreldrar að skrá þau í vistun. Skólaárið 2025 til 2026 verður safnskóli á skráningardögum. Það þýðir t.d. að þau börn sem eru skráð í vistun í vetrarfrí október fara öll í sama leikskólann. Ákveðið verður með tilliti til fjölda skráninga hvaða leikskóli verður safnskóli það skiptið. Starfsmenn úr öllum leikskólum fylgja börnunum í safnskólann og tekur fjöldi starfsmanna mið af fjölda barna. Send verður út könnun til foreldra vaðandi skráningardagana og svara þarf henni fyrir 20. september.

Þrjár leiðir eru í boði varðandi skráningardagana:

1. Hægt verður að velja 10 daga og fá leikskólagjald niður fellt fyrir einn mánuð.
2. Hægt verður að velja færri en 10 staka daga og fá afslátt fyrir hvern dag fyrir sig (bara afsláttur fyrir daginn en ekki niðurfeldur einn mánuður)
3. Skrá barnið í vistun alla skráningardagana

Sumarlokun

Sumarlokun leikskóla er fjórar vikur og hann opnar aftur á þriðjudegi eftir Verslunarmannahelgi. Hvert barn skal fara í fjögurra vikna samfellt sumarfrí. Foreldrar geta fengið fimmtu vikuna gjaldfrjálsa ef að barnið/börnin fara í frí viku fyrir sumarlokun eða verða viku lengur í frí eftir opnun. Gjald fyrir júlímánuð fellur niður. Leikskólinn er jafnframt lokaður alla rauða daga í almanaksárinu.



Dagskipulag

Dagskipulagið okkar miðast að því að það sé sveigjanlegt svo börnin geti þróað leik sinn og að hann hafi þann tíma og rými sem hann þarf. Með sveigjanlegu dagskipulagi fá börnin frekar tækifærði á að komast í flæðisástand.

Máltíður

Í leikskólanum fá börnin morgunmat, sé þess óskað, hádegismat og nónhressingu. Við bjóðum upp á hollan og næringarríkan mat á borðum. Grænmeti og/eða ávextir eru alltaf í boði. Ef barn er með ofnæmi/óþol þá látið deildarstjóra vita af þeim fæðutegundum. Alltaf skal framvísa læknisvottorði frá barnaofnæmislækni. Morgunverður er frá kl. 8:00 til 9:00, ef barn ætlar að borða morgunverð í leikskólanum þá þarf það að vera komið í leikskólann fyrir kl. 8:45. Í morgunmat er boðið upp á hafragraut, ab-mjólk og Kornflex. Um kl. 10.00 alla morgna fá börnin ávaxtabita og í nónhressingu er boðið upp á brauð, hrökk kek, álegg og mjólk. Matseðlar eru gerðir mánuð fyrir mánuð og eru birtir á heimasíðunni okkar og í Völu.

Hvíld

Algengt er að þegar börn byrja í leikskóla þá aukist þörf þeirra fyrir svefn og hvíld þar sem dagurinn getur verið erilsamur og börnin eru í miklu áreiti sem eykur þreytu. Mikilvægt er að börn fái að sofa þann tíma sem þau þurfa, en börn sem eru örþreytt eru oft erfið að fara að sofa á kvöldin því þau ná sér ekki niður. Yngstu börnin sofa en þau eldri eiga rólega stund með því að hlusta á sögur eða tónlist. Við viljum biðja ykkur um að koma með koddar og teppi að heiman. Til að börnin hafi sína lykt í sængurfötunum. Anna hvern föstudag eru þau send heim í þvott og komið þið aftur með þau hrein á mánudeginum.

Veikindi og fjarvera

Ef barn kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða af öðrum ástæðum eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að skrá það inn í Völu, eða hringja í leikskólann og tilkynna fjarveru barnsins. Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veikum barni eða barni sem er að veikjast. Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningum tilvikum. Í leikskóla er alltaf meiri hættan á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita, þarf



Það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Fáir barn smitandi sjúkdóm verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögð tillitssemi við önnur börn og starfsfólk.

Lyf

Kennarar leikskólans taka ekki ábyrgð á lyfjagjöfum í leikskólanum enda hafa heilsugæslulæknar á Akranesi sagt að „lyfjagjafir á skólatíma eru í öllum tilfellum óþarfar. Ef gefa þarf lyf þrisvar á sólarhring skiptir ekki máli þótt rúmar átta stundir líði á milli gjafa“. Undantekningar gætu verið sykursýkis- astma- og ofnæmislyf eða önnur lyf samkvæmt fyrirmælum frá lækni.

Slys eða óhöpp

Veikist eða slasist barnið í leikskólanum höfum við tafarlaust samband við foreldra og bregðumst við hverju tilfelli eftir bestu vitund. Foreldrum er gert kostur á að meta aðstæður og fara með barnið á slysadeild ef með þarf. Náist ekki í foreldra eða ef um alvarlegt slys/veikindi er að ræða er farið með barnið beint á slysadeild. Barnið er slysatriggt meðan það dvelur í leikskólanum. Öll slys eða óhöpp eru tilkynnt foreldrum og skráð á slysaskýrslu í leikskólanum.

Barnavernd

Í Teigaseli er gott samstarf við félagsráðgjafa barnaverndar Akraneskaupstaðar sem hefur veitt ráðgjöf við starfsfólk vegna einstakra mála. En einnig hafa verið haldin fræðslunámskeið um barnavernd reglulega hér í leikskólanum fyrir starfsfólk. Aldrei á að líta á barnaverndina sem einhverja „grýlu“ heldur sem stuðning við börn og foreldra þegar þarf. Velferð barnanna er alltaf í forgangi og tilkynningarskylda starfsfólks leikskóla samkvæmt lögum um barnavernd gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnaskyldu.

Stoðþjónusta

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri Brynja Vattar Baldursdóttir sem ber ábyrgð á stoðþjónustu leikskólans ásamt því að skipuleggja og framkvæma endurmat hennar ásamt leikskólastjóra. Sérkennslustjóri er faglegur umsjónarmaður stoðþjónustu í leikskólanum, hann annast ráðgjöf til annarra starfsmanna leikskólans ásamt því að vinna í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barna sem njóta stuðnings í leikskólanum og skipuleggur



fundi og viðtöl með þeim og veitir þeim fræðslu og ráðgjöf. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð verkefna og einstaklingsnámskráa fyrir börn sem njóta stuðnings. Sérkennslustjóri getur gert formlega athugun á þroska barnsins með viðeigandi þroskaprófum eða matstækjum. Sú vinna fer fram með samþykki og í samvinnu við foreldra. Ef grunur vaknar um þroskafrávik hjá barni þá förum við eftir ákveðnum verkferlum. Foreldri eða deildarstjóri hefur samband við sérkennslustjóra.

Sérfræðiráðgjöf við leikskólann

Sérkennslustjóri í samvinnu við deildarstjóra og foreldra, getur óskað eftir ráðgjöf og greiningu frá talmeinafræðingi, iðjuþjálfra og sálfræðingi. Hafi foreldrar einhverjar áhyggjur af fráviki í þroska barnsins s.s. í máli, hreyfingu eða öðru eiga þeir kost á því að fá þessa þjónustu fyrir barn sitt í gegnum leikskólann. Því fyrr sem gripið er inn í því betur stendur barnið sig í áframhaldandi námi.

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Öll börn frá 0-18 ára eiga að njóta sömu réttinda án tillits til aldurs, kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna. Meginmarkmið laganna er að búa til umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum:

1. stig – er grunnþjónusta fyrir alla – snemmtækur stuðningur
2. stig – er markviss stuðningsþjónusta byggð á faglegu mati eða frumgreiningu
3. stig - er sérhæfðari stuðningsþjónusta í samræmi við ítarlega greiningu á þörfum Akraneskaupstaðar hefur hafið innleiðingu farsældarlaga og boðar breytt verklag í þjónustu við börn og fjölskyldur á Akranesi.

Helstu breytingar sem ný lög boða:

1. Tengiliður í nærumhverfi barns.
2. Málstjóri í Velferðarþjónustu.
3. Stuðningsteymi og stuðningsáætlun.

Hlutverk tengiliðar er fyrst og fremst að veita upplýsingar, aðstoða foreldra og barn og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi í samræmi við óskir



foreldra og/eða barns. Tengiliður Teigasels er Heiða Björk Guðjónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri.

Invest In Play- Tengjumst í leik, foreldrafærninámskeið

Markmið námskeiðsins er að efla foreldra í þeirra hlutverki, styðja við heilstæðan þroska barna og velferð fjölskyldna sem heild. Námskeiðið er byggt upp á Sex Kubba líkani, sem er unnið í samvinnu við Lego foundation og er óhagnaðardrífín samvinna. Námskeiðið er þróað út frá gagnreyndu efni sem hefur verið rannsakað á alþjóðlegum vettvangi og sýnt fram á góðan árangur. Meðal þess sem rannsóknir hafa sýnt fram á er að streita foreldra sem hafa setið námskeiðið lækkar og náms-, félags- og tilfinningafærni barna eykst.

<https://www.investinplay.com>

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldraráð

Í lögum um leikskóla er kveðið á um að í hverjum leikskóla skuli starfa foreldraráð og er það á ábyrgð leikskólastjóra að slíkt ráð starfi. Foreldraráð starfar eitt skólaár í senn þ.e. frá 1. september til og með 31. ágúst ár hvert og fundar eftir þörfum. Leikskólastjóri skal upplýsa ráðið um þau mál sem snert geta starfsemi skólans. Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir til leikskóla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varðar starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, bæði af hálfu rekstraraðila og einnig leikskóla.

Foreldrafélag

Í Teigaseli er starfrækt foreldrafélag og sér það um ýmsa viðburði. Í stjórn félagsins skulu vera 6 fulltrúar auk fulltrúa starfsmanna og leikskólastjóra. Miðað er við að hver fulltrúi sitji í stjórn eigi skemur en tvö ár. Á fyrsta fundi vetrar skal stjórn skipta með sér verkum. Skipa skal formann, gjaldkera og ritara, auk meðstjórnanda.



Stjórn félagsins sér um að innheimta barnasjóð einu sinni á ári, upphæðin er ákveðin á fundi foreldrafélagsins að hausti. Sjóðnum er ætlað að standa straum af ýmsum uppákomum, sveitaferð, sumarhátíð og fleira. Einnig er hann ætlaður til gjafakaupa fyrir leikskólann ef efni standa til. Félagið hefur bæði eitt og sér og í samvinnu við önnur foreldrafélög, staðið fyrir fyrirlestrum ætluðum foreldrum og starfsfólki.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Annað er að hausti, þá er farið yfir líðan barnsins og framvindu haustsins. Á vorin er farið yfir þroskamat og líðan. Foreldrar og kennarar barnsins geta óskað eftir viðtali hvenær sem þurfa þykir og hvetjum við foreldra alltaf til að vera í sambandi við okkur ef að þörf er á.

Samstarf

Á síðasta ári í leikskólanum taka börnin þátt í öflugum Brúum bilið samstarfi við grunnskólana báða og aðra leikskóla á Akranesi. Þau fara í haustskóla og vorskóla í grunnskólunum 3 daga í röð. Samstarfið endar svo með Húllumhæi þar sem allir samstarfsaðilar hittast í Akraneshöllinni og sprella saman.

Markmið samstarfsins er:

- Að tengja skólastigin saman
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Hefðir og hátíðir

Í leikskólanum er haldið upp á hina ýmsu daga og hátíðir (þetta er ekki tæmandi listi)

- Afmæli leikskólans 6. september
- Umferðarfræðsla að hausti
- Haustskóli elstu barna sept.-okt
- Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október.
- Hrekkjavaka



- Vökudagar
- Dagur íslenskra tungu 16. Nóvember
- Aðventustundir á aðventunni
- Jólaskemmtun og rauður dagur í desember
- Bóndadagur- Karlar í lífi barns boðið í morgunmat.
- Þorrinn-Þorrablót og kjammastund
- Dagur leikskólans 6. febrúar- lita dagur
- Bolludagur- fiskibollur í hádegi og rjórabollur í nónhressingu
- Sprengidagur- Saltkjöt og baunir
- Öskudagur – búninga- og náttfatadagur
- Konudagurinn – konur í lífi barns boðið í morgunmat
- Dagur stærðfræðinnar 14. mars
- Tannverndarvika í kringum 20. mars
- Vorskóli elstu barna apríl-maí
- Árgangamót leikskóla Akraness í lok apríl
- Útskriftarferð elstu barnanna í maí
- Útskrift í maí
- Hjóladagur- góðviðrisdagur í maí
- Gulur dagur-setningardagur Norðurlásmótsins

Afmæli

Afmælisdagurinn er stór dagur í lífi barnsins og í leikskólanum er ýmislegt gert til að gera daginn eftirminnilegan. Afmælisbarnið fær kórónu og afmælissamveru. Kennari fer út með barninu og aðstoðar það við að draga íslenska fánann að húni. Barnið fær svo að velja sér afmælisdisk og glas til að borða á í hádegismatnum. Í söngsal sem er haldin alla föstudaga er sungið fyrir afmælisbörn vikunnar. Seinasta föstudaginn í mánuði býður leikskólinn upp á afmælisköku í nónhressingu.

Vinsamlegar setjið ekki boðskort í hólf barnanna í leikskólanum þegar verið er að bjóða í afmæli heim, nema að öllum á deildinni sé boðið.

Netmiðlar

Á heimasíðuna okkar teigasel.is eru settar inn fréttir, hagnýtar upplýsingar og annað úr starfinu. Á heimasíðunni má finna upplýsingar um starfsfólk leikskólans.



Allar deildir eru með lokaðar facebooksíður þar sem settar eru inn upplýsingar og fréttir úr daglegu starfi og eru þær einungis upplýsingasíða. Allar deildir senda út fréttabréf einu sinni í viku ásamt sway myndaskjöllum, skjölin eru læst og breytist lykilorðin á hverju ári.

Starfsfólk

Gæði leikskólastarfs byggjast á því að margir starfsmenn vinna saman að því að stuðla að þroska og vellíðan barna í gegnum starfið á leikskólanum. Það eru því mikil tímamót í starfi allra starfsmanna þegar börn útskrifast úr leikskóla og hefja grunnskólagöngu.

Nokkuð hefur borið á því að einstökum starfsmönnum deilda séu færðar t.d. gjafir í þakklætisskyni við útskrift barna af leikskólanum. Langi foreldrum til þess að gefa gjöf þá er vel til fundið að láta allan starfsmannahópinn njóta þess eða leikskólann í heild sinni.

Hagnýtar upplýsingar

Leikskólastjóri: Íris Guðrún Sigurðardóttir

Netfang: irisgs@teigasel.is

Sími: 433-1280

Aðstoðarleikskólastjóri: Heiða Björk Guðjónsdóttir

Netfang: heida@teigasel.is

Sími: 433-1281

Sérkennslustjóri: Brynja Vattar Baldursdóttir

Netfang: brynja.baldursdottir@teigasel.is

Sími: 433-1288

Heimilisfang: Laugarbraut 20, Akranesi

Aðalsímanúmer skólans: 433-1280

Háteigur: 854-4017

Hákot:

Miðteigur: 433-1285/835-1285

Teigakot: 433-1286/842-2096

Bakkakot: 433-1287/842-4767